

SAMNINGUR MILLI ÍSLANDS OG MANAR UM UPPLÝSINGASKIPTI UM SKATTAMÁL

Ríkisstjórn Íslands og stjórnvöld á Mön („samningsaðilar“) hafa lengi beitt sér á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn efnahagsbrotum og öðrum afbrotum, m.a. með því að beita sér gegn fjármögnun hryðjuverka,

viðurkennt er að Mön hefur, samkvæmt skilmálum umboðs frá Breska konungsríkinu, rétt til þess að ganga til samningaviðræðna við Ísland um samning um upplýsingaskipti um skattamál, gera slíkan samning, framfylgja honum og, með fyrirvara um skilmála samnings þessa, segja honum upp,

Mön hefur undirgengist pólitíska skuldbindingu þess efnis að fara að meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um skilvirk upplýsingaskipti,

samningsaðilar vilja leggja áherslu á skilmála og skilyrði sem gilda um upplýsingaskipti um skattamál og einfalda þau,

því hafa samningsaðilar orðið sammála um að gera eftirfarandi samning sem felur í sér skuldbindingar fyrir samningsaðilana eina.

1. gr.

Gildissvið samningsins.

Samningsaðilar skulu veita aðstoð með því að skiptast á upplýsingum sem gætu skipt máli fyrir framkvæmd og fullnustu laga samningsaðilanna varðandi skatta, sem samningur þessi tekur til, m.a. upplýsingum sem gætu skipt máli varðandi ákvörðun, álagningu og innheimtu fyrrnefndra skatta, heimtu og fullnustu skattkrafna á hendur aðilum, sem ber að greiða þá skatta, eða sem varða rannsókn eða saksókn vegna skattamála sem tengjast fyrrnefndum aðilum. Samningsaðila, sem beiðni er beint til, er ekki skylt að láta í té upplýsingar sem stjórnvöld hans búa ekki yfir og aðilar innan lögsögu hans hafa ekki undir höndum né geta aflað. Réttindi og verndarráðstafanir, sem aðilum eru tryggð samkvæmt lögum eða stjórnsluframkvæmd samningsaðilans sem beiðni er beint til, gilda eftir sem áður. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal leitast við eftir fremsta megni að tryggja að upplýsingaskipti geti farið fram með skilvirkum hætti án þess að komið sé í veg fyrir þau, eða þau tafir, með ótilhlýðilegum hætti.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi gildir um eftirtalda skatta sem samningsaðilarnir leggja á:

- a) á Íslandi:
tekjuskatta ríkissjóðs; og
útsvar til sveitarfélaganna;
- b) á Mön:
skatta á tekjur eða hagnað.

2. Samningur þessi tekur einnig til allra þeirra skatta, sömu tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Samningurinn skal einnig taka til allra skatta, sem eru að verulegu leyti svipaðrar tegundar og lagðir eru á eftir undirritunardag hans, til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta, ef samningsaðilar komast að samkomulagi um það. Enn fremur er unnt, með gagnkvæmu samkomulagi samningsaðila í formi bréfaskipta, að útvíkka eða breyta gildissviði samningsins að því er varðar til hvaða skatta hann tekur. Bær stjórnvöld hvors samningsaðila um sig skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar eru á lögum hans og hafa áhrif á skuldbindingar þess samningsaðila samkvæmt samningi þessum.

3. gr. *Skilgreiningar.*

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
 - a) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur að þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
 - b) „Mön“ merkir eyjuna Mön;
 - c) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
 - d) „bært stjórnvald“ merkir, að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans og, að því er varðar Mön, matsmann tekjuskatts eða fulltrúa hans;
 - e) „refsiákvæði laga“ merkir öll refsíákvæði laga sem eru skilgreind sem slík að landsrétti, án tillits til þess hvort þau eru hluti skattalaga, almennra hegningarlaga eða annarra refsíheimilda;
 - f) „mál vegna refsiverðra skattalagabrota“ merkir skattamál þar sem um vísvitandi háttsemi er að ræða sem sætt getur ákæru samkvæmt refsíákvæðum laga þess samningsaðila sem leggur fram beiðni;
 - g) „ráðstafanir á sviði upplýsingaöflunar“ merkir lög og málsmeðferðarreglur stjórnsýslu og dómstóla sem gera samningsaðilanum, sem beiðni er beint til, kleift að afla umbeðinna upplýsinga og láta þær í té;
 - h) „upplýsingar“ merkir allar staðreyndir, yfirlýsingar, skjöl eða skýrslur í hvaða mynd sem er;
 - i) „lögtrúnaður“ merkir:

- (i) samskipti milli lagaráðgjafa og skjólstæðings hans eða aðila, sem kemur fram fyrir hönd skjólstæðings hans, sem fara fram í tengslum við lögfræðilega ráðgjöf til skjólstæðingsins;
- (ii) samskipti milli lagaráðgjafa og skjólstæðings hans eða aðila, sem kemur fram fyrir hönd skjólstæðings hans, eða milli slíks ráðgjafa eða skjólstæðings hans eða slíks fulltrúa og annars aðila, sem fara fram í tengslum við málarekstur eða þegar málarekstur er áformaður og vegna slíks málareksturs; og
- (iii) gögn sem fylgja eða vísað er til í slíkum samskiptum og eru útbúin
 - (a) í tengslum við lagaráðgjöf; eða
 - (b) í tengslum við málarekstur eða þegar málarekstur er áformaður og vegna slíks málareksturs, þegar þau eru í eigu aðila sem á tilkall til umráða yfir þeim.

Gögn, sem ætlunin er að nota í glæpsamlegum tilgangi, falla ekki undir lögtrúnað;

- j) „aðili“ merkir mann, félag eða sérhvern annan aðila eða hóp manna;
- k) „sameiginlegur opinber fjárfestingarsjóður“ merkir kerfi eða sjóð, þar sem kaup, sala eða innlausn hlutabréfa eða annarra eignarhluta takmarkast hvorki beint né óbeint við afmarkaðan hóp fjárfesta;
- l) „félag skráð í kauphöll“ merkir sérhvert félag með meginflokk skráðra hlutabréfa í viðurkenndri kauphöll, að því tilskildu að auðvelt sé fyrir almenning að kaupa eða selja hlutbréf þess. Almenningur telst geta keypt eða selt hlutbréf ef kaup eða sala hlutabréfa takmarkast hvorki óbeint né beint við afmarkaðan hóp fjárfesta;
- m) „meginflokkur hlutabréfa“ merkir þann flokk eða þá flokka hlutabréfa sem hafa að baki sér meirihluta atkvæðamagns og verðmætis félagsins;
- n) „viðurkennd kauphöll“ merkir sérhverja kauphöll sem bær stjórnvöld samningsaðilanna koma sér saman um;
- o) „samningsaðili sem beiðni er beint til“ merkir þann aðila að samningi þessum sem óskað er eftir að veiti upplýsingar eða sem hefur veitt upplýsingar sem svar við beiðni;
- p) „samningsaðili sem leggur fram beiðni“ merkir þann aðila að samningi þessum sem leggur fram beiðni um upplýsingar eða sem hefur fengið upplýsingar frá samningsaðilanum sem beiðni er beint til;
- q) „skattur“ merkir hvern þann skatt sem fellur undir samning þennan.

2. Við framkvæmd samningsaðila á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu

merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess samningsaðila, skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess samningsaðila.

4. gr.

Upplýsingaskipti samkvæmt beiðni.

1. Bært stjórnvald samningsaðila, sem beiðni er beint til, skal, að beiðni samningsaðila, sem leggur fram beiðni, veita upplýsingar í þeim tilgangi sem um getur í 1. gr. Miðla skal slíkum upplýsingum án tillits til þess hvort samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, þarfnast upplýsinganna vegna eigin skattamála eða háttsemin, sem er í rannsókn, telst til afbrota samkvæmt lögum samningsaðilans, sem beiðni er beint til, hefði hún átt sér stað á yferráðasvæði þess samningsaðila. Bært stjórnvald samningsaðila, sem leggur fram beiðni, skal því aðeins leggja fram beiðni um upplýsingar samkvæmt þessari grein að það geti ekki nálgast umbeðnar upplýsingar eftir öðrum leiðum, nema slíkar leiðir hafi óhóflega erfiðleika í för með sér.

2. Ef upplýsingarnar sem bært stjórnvald samningsaðila, sem beiðni er beint til, hefur yfir að ráða fullnægja ekki upplýsingabeiðninni skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, beita að eigin ákvörðun öllum nauðsynlegum ráðstöfunum á sviði upplýsingaöflunar til að láta samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, umbeðnar upplýsingar í té, jafnvel þótt samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála.

3. Óski bær stjórnvöld samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, þess sérstaklega skulu bær stjórnvöld samningsaðila, sem beiðni er beint til, veita upplýsingar samkvæmt þessari grein, að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum hans, í formi vitnisburðar og staðfesta endurrita frumskjala.

4. Hvor samningsaðili um sig skal sjá til þess að hann hafi til þess heimild, í þeim tilgangi sem um getur í 1. gr., að afla og veita, fyrir milligöngu bærs stjórnvalds síns og samkvæmt beiðni:

- a) upplýsingar í vörslu banka, annarra fjármálastofnana eða annarra aðila, þar með taldir tilnefndir aðilar og vörslumenn, sem koma fram sem umboðsaðilar eða annast fjármunavörslu;
- b)
 - (i) upplýsingar varðandi raunverulegan eignarrétt félaga, sameignarfélaga, stofnana og annarra aðila, þar með talið þegar um ræðir sameiginlega fjárfestingarsjóði, upplýsingar um hlutabréf, einingar og aðra hagsmuni;
 - (ii) að því er varðar fjárvörslusjóði, upplýsingar um stofnendur, vörslumenn og rétthafa.

Þá fylgir samningi þessum engin skuldbinding samningsaðila í þá veru að afla eða veita upplýsingar um eignarhald að því er varðar félög skráð í kauphöll eða sameiginlega opinbera fjárfestingarsjóði, nema unnt sé að afla slíkra upplýsinga án þess að það hafi í för með sér óhóflega erfiðleika.

5. Allar beiðnir um upplýsingar skulu vera skriflegar og tilgreina af eins mikilli nákvæmni og hægt er:

- a) deili á þeim aðila sem er til skoðunar eða rannsóknar;
- b) tímabil sem farið er fram á upplýsingar um;
- c) eðli þeirra upplýsinga sem beðið er um og hvernig samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, vill að þær séu settar fram;
- d) í hvaða skattalegum tilgangi upplýsinganna er aflað;
- e) ástæður þess að talið er að upplýsingarnar, sem beðið er um, gætu skipt máli fyrir skattyfirvöld og varðandi fullnustu samningsaðilans sem leggur fram beiðni, með tilliti til þess aðila sem tilgreindur er samkvæmt a-lið þessarar málsgreinar;
- f) ástæður þess að talið er að samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, búi yfir þeim upplýsingum sem beðið er um eða að aðili innan lögsögu samningsaðilans, sem beiðni er beint til, hafi þær undir höndum eða geti aflað þeirra;
- g) nafn og heimilisfang sérhvers aðila sem talið er að búi yfir eða ráði yfir þeim upplýsingum sem beðið er um, ef þau eru þekkt;
- h) yfirlýsingu þess efnis að beiðnin sé í samræmi við lög og stjórnsluvenjur samningsaðilans sem leggur fram beiðni, að ef umbeðnu upplýsingarnar eru innan lögsögu samningsaðilans sem leggur fram beiðni geti bært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, aflað þeirra samkvæmt lögum samningsaðilans sem leggur fram beiðni eða með eðlilegri stjórnsluframkvæmd og að hún sé í samræmi við samning þennan;
- i) yfirlýsingu þess efnis að samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, hafi neytt allra tiltækra ráða á eigin yferráðasvæði til þess að afla upplýsinganna, nema þeirra sem hefðu óhóflega erfiðleika í för með sér.

6. Bært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skal staðfesta viðtöku beiðni við bært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, og eftir bestu getu leitast við að senda umbeðnar upplýsingar eins skjótt og unnt er til samningsaðilans sem leggur fram beiðni.

5. gr.

Skattrannsókn erlendis.

1. Með hæfilegum fyrirvara getur samningsaðili, sem leggur fram beiðni, farið fram á að samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, heimili fulltrúum bærs stjórnvalds samningsaðilans, sem leggur fram beiðnina, að koma inn á yferráðasvæði samningsaðilans sem beiðninni er beint til, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt innlendum lögum hans, í því skyni að taka viðtöl við einstaklinga og rannsaka skrár með skriflegu leyfi

einstaklinganna eða annarra hlutaðeigandi aðila. Bært stjórnvald samningsaðila, sem leggur fram beiðni, skal tilkynna bæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, um tíma og stað fyrirhugaðs fundar með hlutaðeigandi einstaklingum.

2. Að beiðni bærst stjórnvalds samningsaðila, sem leggur fram beiðni, getur bært stjórnvald samningsaðila, sem beiðni er beint til, heimilað fulltrúum bærst stjórnvalds fyrrnefnda samningsaðilans að vera viðstaddir skattrannsókn á yfirráðasvæði síðarnefnda samningsaðilans.

3. Ef orðið er við beiðninni, sem um getur í 2. mgr., skal bært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til og stýrir rannsókninni, tilkynna eins skjótt og unnt er bæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, um það hvenær og hvar rannsóknin fer fram, hvaða yfirvald eða aðili hafi heimild til að framkvæma rannsóknina og um þá málsmeðferð og þau skilyrði varðandi rannsóknina sem samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, ákveður. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til og stýrir rannsókninni, skal taka allar ákvarðanir varðandi framkvæmd rannsóknarinnar.

6. gr.

Möguleiki á að synja beiðni.

1. Bæru stjórnvaldi samningsaðila, sem beiðni er beint til, er heimilt að synja um aðstoð:

- a) ef beiðni er ekki sett fram í samræmi við þennan samning;
- b) ef samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, hefur ekki leitað allra tiltækra leiða á eigin yfirráðasvæði til þess að afla upplýsinganna, nema slíkar leiðir hefðu óhóflega erfiðleika í för með sér; eða
- c) ef veiting þeirra upplýsinga sem beiðið er um myndi stríða gegn allsherjarreglu (ordre public).

2. Samningur þessi skal ekki leggja á samningsaðilann, sem beiðni er beint til, neinar skuldbindingar um að láta í té gögn sem falla undir lögtrúnað, eða viðskipta-, atvinnu-, iðnaðar-, verslunar- eða sérfræðileyndarmál eða framleiðsluaðferð, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem lýst er í 4. mgr. 4. gr., séu ekki af þeim sökum einum meðhöndlaðar sem slíkt leyndarmál eða framleiðsluaðferð.

3. Ekki skal hafna beiðni um upplýsingar af þeirri ástæðu að ágreiningur sé uppi um skattkröfuna sem er ástæða fyrir beiðninni.

4. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, þarf ekki að afla og veita upplýsingar sem bært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, gæti ekki aflað samkvæmt eigin lögum eða með eðlilegri stjórnsýsluframkvæmd, væru umbeðnar upplýsingar innan lögsögu hans.

5. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur synjað beiðni um upplýsingar ef samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, biður um þær í því skyni að framkvæma eða framfylgja ákvæði skattalaga samningsaðilans sem leggur fram beiðni, eða hvers konar

kröfu þar að lútandi, sem mismunar ríkisborgara samningsaðilans sem beiðni er beint til, samanborið við ríkisborgara samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, við sömu aðstæður.

7. gr.

Trúnaðarkvaðir.

1. Allar upplýsingar, sem bær stjórnvöld samningsaðilanna veita eða taka við, skulu vera trúnaðarmál.
2. Slíkar upplýsingar skulu einungis gefnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með taldir dómstólar og stjórnvöld) í tilgangi sem er tilgreindur í 1. gr. og slíkir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota þær í slíkum tilgangi, þar með talin ákvörðun um kæru eða áfrýjun. Í þeim tilgangi er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.
3. Ekki er heimilt að nota slíkar upplýsingar í neinum öðrum tilgangi en þeim sem fram kemur í 1. gr. án skýlauss, skriflegs samþykkis bærs stjórnvalds samningsaðila sem beiðni er beint til.
4. Upplýsingar, sem eru veittar samningsaðila sem leggur fram beiðni samkvæmt þessum samningi, má ekki opinbera í annarri lögsögu.

8. gr.

Kostnaður.

Ef bær stjórnvöld samningsaðilanna koma sér ekki saman um annað skal samningsaðili, sem beiðni er beint til, bera venjulegan kostnað sem til fellur við að veita aðstoð og samningsaðili, sem leggur fram beiðni, skal bera sérstakan kostnað sem til fellur við að veita aðstoðina (þar með talinn kostnaður við ráðningu utanaðkomandi ráðgjafa í tengslum við málsókn eða annað). Viðkomandi bær stjórnvöld skulu hafa samráð öðru hverju með tilliti til þessarar greinar og einkum skulu bær stjórnvöld samningsaðila, sem beiðni er beint til, hafa samráð fyrir fram við bær stjórnvöld samningsaðila sem leggur fram beiðni ef gert er ráð fyrir umtalsverðum kostnaði við að veita upplýsingar vegna sérstakrar beiðni.

9. gr.

Tungumál.

Beiðnir um aðstoð og svör við þeim skulu vera á ensku.

10. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

Ef vandi eða vafaatriði koma upp milli samningsaðila varðandi framkvæmd eða túlkun þessa samnings skulu viðkomandi bær stjórnvöld leitast við eftir bestu getu að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

11. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega um að málsmeðferðinni, sem krafist er samkvæmt lögum þeirra, sé lokið. Samningurinn kemur til framkvæmda:

- a) um mál vegna refsiverðra skattalagabrota á þeim degi; og
- b) um öll önnur málefni, sem falla undir 1. gr., á þeim degi, en einungis vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningur þessi öðlast gildi eða, ef ekki er um neitt skattár að ræða, allar skattskuldbindingar þeim degi eða síðar.

12. gr.
Uppsögn.

1. Samningur þessi gildir þar til samningsaðili segir honum upp. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Gildir samningurinn þá ekki lengur að því er varðar skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á næsta ári eftir lok sex mánaða tímabilsins. Allar beiðnir sem berast fram til gildistökudags uppsagnarinnar verða teknar til meðferðar í samræmi við skilmála þessa samnings.

2. Sé samningnum sagt upp eru samningsaðilarnir eftir sem áður bundnir af ákvæðum 7. gr. að því er varðar upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessum samningi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Ósló hinn 30. október 2007 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd stjórnvalda á Mön:

Árni M. Mathiesen

Allan Bell